

**1993 nr. 47 18. maí****Lög um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins**

**Tóku gildi 1. janúar 1994.** *EES-samningurinn:* V. og VIII. viðauki tilskipun 64/221/EBE, V. viðauki tilskipun 68/360/EBE, V. viðauki reglugerð 1612/68 og 1251/70, VIII. viðauki tilskipun 73/148/EBE og 75/34/EBE, V. viðauki tilskipun 77/486/EBE, VIII. viðauki tilskipun 90/364/EBE, 90/365/EBE og 90/366/EBE. *Breytt með* l. 90/1995 (tóku gildi 30. júní 1995; *EES-samningurinn:* V. viðauki reglugerð 1612/68), l. 76/2002 (tóku gildi 17. maí 2002), l. 19/2004 (tóku gildi 1. maí 2004), l. 21/2006 (tóku gildi 1. maí 2006), l. 106/2007 (tóku gildi 27. júní 2007), l. 78/2008 (tóku gildi 1. ágúst 2008; *EES-samningurinn:* V. viðauki tilskipun 2004/38/EB), l. 154/2008 (tóku gildi 31. des. 2008), l. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011) og l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

■ **1. gr.** Ákvæði reglugerðar um frelsi launþega til flutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins nr. 1612/68/EBE, [sbr. reglugerðir nr. 312/76/EBE og nr. 2434/92/EBE]<sup>1)</sup> [og tilskipun 2004/38/EB],<sup>2)</sup> eins og henni var breytt með ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, skulu hafa laga-gildi hér á landi.

□ Reglugerðin, eins og hún hefur verið aðlöguð, sbr. 1. mgr., er prentuð sem fylgiskjal með lögum þessum. [Ákvæði II. og III. bóks I. hluta fylgiskjalsins skulu enn fremur gilda um ríkisborgara aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.]<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> L. 90/1995, 1. gr. <sup>2)</sup> L. 78/2008, 18. gr. <sup>3)</sup> L. 76/2002, 3. gr.

■ **[1. gr. a.** Aðstandandi ríkisborgara EES-ríkis eða EFTA-ríkis sem dvelur löglega hér á landi á rétt til að ráða sig til starfa eða að starfa sem sjálfstætt starfandi einstaklingur á íslenskum vinnumarkaði óháð þjóðerni.

□ Aðstandendur ríkisborgara EES-ríkis eða EFTA-ríkis skv. 1. mgr. eru:

- a. maki, sambúðarmaki eða samvistarmaki,
- b. niðji hans og/eða maka hans, ef niðjinn er yngri en 21 árs eða á þeirra framfæri,
- c. ættmenni hans eða maka hans, í beinan legg, sem er á framfæri þeirra.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 78/2008, 19. gr.

■ **2. gr.** [Ráðherra]<sup>1)</sup> skal skipa þriggja manna nefnd til að hafa eftirlit með framkvæmd þessara laga og getur hún beint tilmælum til viðkomandi aðila þar að lútandi. Alþýðusamband Íslands skal tilnefna einn fulltrúa, Vinnuveitendasamband Íslands annan fulltrúa og þriðji fulltrúinn skal skipaður án tilnefningar og skal hann vera formaður. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Skipunartími nefndar skal vera fjögur ár.

□ Komi upp ágreiningur um hvort ákvæði 7. gr. reglugerðar 1612/68 séu haldin er heimilt að vísa þeim ágreiningi til nefndarinnar, sbr. 1. mgr., sem leitast skal við að leysa þann ágreining. Í þessum tilgangi getur nefndin leitað eftir upplýsingum hjá stofnunum, samtökum eða einstökum fyrirtækjum sem veita nefndinni nauðsynlegar upplýsingar um almenn ráðningar- og starfskjör í atvinnugreinum og fyrirtækjum. Verði sátt eigi komið á með aðilum er heimilt að leita til dómstóla.

□ Þegar nefndin fjallar um mál sem varðar sérstaklega opinbera starfsmenn er falla undir atvinnu- og búseturéttindi Evrópska efnahagssvæðisins skulu auk fulltrúa skv. 1. mgr. tveir fulltrúar taka sæti í nefndinni. Skal annar þeirra tilnefndur af hlutaðeigandi heildarsamtökum opinberra starfsmanna og hinn af [ráðherra er fer með starfsmannamál ríkisins]<sup>1)</sup> eða Sambandi íslenskra sveitarfélaga eftir því sem við á.

□ Þegar nefndin fjallar um mál sem varða sérstaklega önnur heildarsamtök launþega eða atvinnurekenda en þau sem kveðið er á um í 1. og 3. mgr. skulu fulltrúar þeirra samtaka taka sæti í nefndinni.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 177. gr.

■ **3. gr.** Ráðherra getur með reglugerð gefið nánari fyrir-mæli um framkvæmd eftirlits skv. 2. gr.

■ **4. gr.** Lög þessi öðlast gildi um leið og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið öðlast gildi að því er Ísland varðar. [Ákvæði til bráðabirgða.

■ **I.** [Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1612/68, um frelsi launþega til flutninga innan bandalagsins, ásamt síðari breytingum, að því er varðar atvinnu- og búseturétt ríkisborgara Eistlands, Lettlands, Litháens, Póllands, Slóvakíu, Slóveníu, Tékklands og Ungverjaland, skal atvinnurekandi sem hefur ráðið þá til starfa tilkynna um það til Vinnuálastofnunar fram til 1. maí 2009 samkvæmt bráðabirgðaákvæði laga nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga, með síðari breytingum. Hið sama gildir um aðstandendur þessara ríkisborgara skv. [1. gr. a laganna]<sup>1)</sup> á tímabilinu.]<sup>2)</sup><sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> L. 78/2008, 20. gr. <sup>2)</sup> L. 21/2006, 1. gr. <sup>3)</sup> L. 19/2004, 1. gr.

■ **[II.** Ákvæði 1.–6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1612/68, um frelsi launþega til flutninga innan bandalagsins, ásamt síðari breytingum, taka þó ekki gildi um atvinnu- og búseturétt ríkisborgara Búlgaríu og Rúmeníu fyrr en [1. janúar 2012].<sup>1)</sup> Hið sama gildir um aðstandendur þessara ríkisborgara skv. [1. gr. a laganna].<sup>2)</sup><sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> L. 154/2008, 1. gr. <sup>2)</sup> L. 78/2008, 21. gr. <sup>3)</sup> L. 106/2007, 3. gr.

**Fylgiskjal.**<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 78/2008, 22. gr.

□ Ákvæði reglugerðar um frelsi launþega til flutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins nr. 1612/68/EBE, eins og henni er breytt með reglugerðum nr. 312/76/EBE og nr. 2434/92/EBE og tilskipun 2004/38/EB, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af V. viðauka, bókun 1 við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og öðrum ákvæðum hans.\*

\* Aðlögun reglugerðarinnar er með fyrirvara um framkvæmd EFTA-ríkjanna á einstökum þáttum hennar, sbr. t.d. d-lið 4. tölu, bókanar 1.

**I. hluti. Atvinna og fjölskyldur launþega.****I. bálkur. Aðgangur að vinnumarkaði.**

■ **1. gr.** 1. Sérhver ríkisborgari EES-ríkis skal, óháð búsetu, hafa rétt til að ráða sig til vinnu sem launþegi og rækja það starf á yfirráðasvæði annars EES-ríkis í samræmi við þau ákvæði í lögum eða stjórnisýslufyrirmælum er taka til atvinnamála ríkisborgara aðildarríkisins.

□ 2. Hann skal m.a. njóta þeirra réttinda að ráða sig til vinnu á yfirráðasvæði annars EES-ríkis með sama forgangsrétti og ríkisborgarar þess ríkis.

■ **2. gr.** Sérhver ríkisborgari EES-ríkis og sérhver vinnuveitandi sem rekur starfsemi á yfirráðasvæði EES-ríkis geta skipst á umsóknum og tilboðum um atvinnu og geta komið sér saman um og framkvæmt ráðningarsamninga í samræmi við ákvæði gildandi laga eða stjórnisýslufyrirmæla án þess að það leiði til nokkurrar mismununar.

■ **3. gr.** 1. Samkvæmt þessari reglugerð skulu ákvæði í lögum eða stjórnisýslufyrirmælum EES-ríkis ekki gilda í þeim tilvikum:

– þar sem þau takmarka umsóknir og framboð á atvinnu eða rétt erlendrar ríkisborgara til að fá og stunda atvinnu eða setja þeim önnur skilyrði en þau sem gilda um þeirra eigin ríkisborgara eða

– þar sem meginmarkmið eða áhrif þeirra eru að halda ríkisborgurum annarra EES-ríkja frá atvinnu sem til boða stendur enda þótt það taki ekki til þjóðernis.

Þetta ákvæði á ekki við í þeim tilvikum þar sem tungumálakunnátta skiptir máli vegna eðlis starfsins sem um er að ræða.

□ 2. Þetta skal einkum og sér í lagi ná til þeirra ákvæða eða venju EES-ríkis samkvæmt fyrstu undirgrein 1. mgr. sem:

a. mæla fyrir um sérstakar reglur um ráðningar erlendra ríkisborgara;

b. takmarka eða draga úr auglýsingum í blöðum eða öðrum fjölmiðlum á lausum störfum eða binda þau öðrum skilmálum en þeim sem gilda fyrir atvinnurekendur á yfirráðasvæði aðildarríkisins;

c. binda aðgang að vinnumarkaðinum við skráningu á ráðningarskrifstofum eða hindra ráðningu einstakra launþega þegar um er að ræða fólk sem ekki býr á yfirráðasvæði þess aðildarríkis sem í hlut á.

■ **4. gr.** 1. Ákvæði í lögum eða stjórnáskilum EES-ríkis sem takmarka fjölda eða hundradshluta erlendra ríkisborgara í fyrirtækjum, starfsgrein eða á tilteknu svæði eða á landsmælikvarða skulu ekki gilda um ríkisborgara annarra EES-ríkja.

□ 2. Þegar ívilnun til fyrirtækja í EES-ríki er bundin við ákveðið lágmarkshlutfall innlendra launþega skal litið á ríkisborgara annarra EES-ríkja sem innlenda samkvæmt ákvæði í tilskipun ráðsins frá 15. október 1963.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> Sjátt. EB nr. 159, 2. nóvember 1963, bls. 2661/63.

■ **5. gr.** Ríkisborgari aðildarríkis, sem sækir um atvinnu í öðru EES-ríki, skal njóta sömu aðstoðar þar og vinnumiðlun þess ríkis veitir innlendum ríkisborgurum sem eru í atvinnuleit.

■ **6. gr.** 1. Ráðning og skráning ríkisborgara eins EES-ríkis í stöðu í öðru EES-ríki skal ekki vera háð neinum skilyrðum er varða heilsufar, sérþekkingu eða annað það sem gerir honum lægra undir höfði í samanburði við innlenda ríkisborgara sem gegna sama starfi í hinu EES-ríkinu.

□ 2. Engu að síður getur ríkisborgari, sem hefur undir höndum persónulegt starfstilboð frá vinnuveitanda í öðru EES-ríki en sínu eigin, þurft að fara í hæfnispróf hafi vinnuveitandinn sett það sem skilyrði með tilboðinu.

## II. bálkur. Atvinna og jafnræði við málsmeðferð.

■ **7. gr.** 1. Ekki er heimilt að láta launþega, sem er ríkisborgari annars EES-ríkis en þess sem hann starfar í, gjalda þjóðernis síns hvað viðvíkur ráðningar- og vinnuskilyrðum, einkum og sér í lagi hvað varðar launakjör, uppsögn úr starfi og, komi til atvinnumissis, endurskipun eða endurráðningu.

□ 2. Hann skal njóta sömu félagslegra réttinda og skattaívilnana og innlendir launþegar.

□ 3. Hann skal einnig í krafti sama réttar og með sömu skilyrðum hafa sama aðgang og innlendir launþegar að þjálfun í skólum er tengjast atvinnulífnum og endurmenntunarstöðvum.

□ 4. Öll ákvæði í kjarasamningum eða ráðningarsamningum eða öðrum almennum reglugerðum sem varða aðgang að atvinnu og öll önnur starfsskilyrði eða uppsagnarákvæði eru ógild og að engu hafandi að svo miklu leyti sem þau mæla fyrir um eða heimila mismunun launþega sem eru ríkisborgarar annarra EES-ríkja.

■ **8. gr.** Launþegi, sem er ríkisborgari EES-ríkis og starfar á yfirráðasvæði annars EES-ríkis, skal njóta jafnræðis við málsmeðferð hvað varðar aðild að stéttarfélagum og njóta þess réttar er hún veitir, að meðtöldum réttinum til að greiða

atkvæði og til að gegna stjórnar- og stjórnunarstörfum fyrir stéttarfélagið;<sup>1)</sup> það má meina honum að eiga sæti í stjórn nefnda sem lúta ríkisrétti eða að gegna stöðu sem er bundin af ríkisrétti. Enn fremur á hann rétt á að taka sæti á fulltrúaráði launþega við fyrirtæki. Ákvæði þessarar greinar skulu ekki hafa áhrif á lög eða reglugerðir í tilteknum EES-ríkjum sem veita launþegum sem koma frá öðrum EES-ríkjum meiri rétt.

<sup>1)</sup> Rg. 312/76/EEB.

■ **9. gr.** 1. Launþegi sem er ríkisborgari EES-ríkis og starfar á yfirráðasvæði annars EES-ríkis skal njóta allra sömu réttinda og ívilnana og innlendir launþegar hvað viðvíkur húsnæði; það á einnig við um eignarrétt á húsnæði sem hann þarf á að halda.

□ 2. Slíkur launþegi getur, með sama rétti og innlendir ríkisborgarar, látið skrá sig hjá húsnæðismiðlun á því svæði þar sem hann starfar, fari slík skráning fram, og skal hann njóta viðeigandi ívilnana og forréttinda.

□ Hafi fjölskylda hans orðið eftir í landinu sem hann kom frá skal einnig tekið tillit til hennar í þessu sambandi eins og hún væri búsett á viðkomandi svæði, að því tilskildu að innlendir launþegar njóti svipaðra fríðinda.

## III. bálkur. Fjölskyldur launþega.

■ **10. gr.**<sup>1)</sup> . . .

■ **11. gr.**<sup>1)</sup> . . .

<sup>1)</sup> Tilsk. 2004/38/EB.

■ **12. gr.** Börn ríkisborgara EES-ríkis, sem er eða hefur verið ráðinn til vinnu á yfirráðasvæði annars EES-ríkis, skulu eiga rétt á almennri skólagöngu í því ríki, námsvist og starfsþjálfunarnámskeiðum með sömu skilyrðum og ríkisborgarar þess ríkis, að því tilskildu að börnin búi þar.

□ EES-ríkin skulu leggja sig fram um að gera þessum börnum kleift að stunda námið við ákjósanlegustu skilyrði.

## II. hluti. Atvinnuframboð og atvinnuumsóknir.

### I. bálkur. Samvinna á milli EFTA-ríkja og við fastanefnd EFTA.

■ **13. gr.** 1. EFTA-ríkin eða fastanefnd EFTA skulu stofna til eða í sameiningu gera hverjar þær kannanir á atvinnutækifærum eða atvinnuleysi sem þau telja nauðsynlegar til að tryggja frelsi launþega til flutninga innan EES. Aðalvinnumiðlanirnar í EFTA-ríkjunum skulu eiga náð samstarf sín á milli og við fastanefnd EFTA með það að markmiði að hafa samráð um ráðningu í lausar stöður og meðferð atvinnuumsókna innan EES og yfirlit um hverjir hljóta stöður.

□ 2. Í þessu skyni skulu EFTA-ríkin tilnefna sérstakar þjónustuskrifstofur og ber þeim að skipuleggja þá starfsemi sem að ofan er getið og hafa samráð sín á milli og við fastanefnd EFTA. EFTA-ríkjunum ber að tilkynna fastanefnd EFTA um allar breytingar sem verða á tilnefningu aðila til slíkrar þjónustu og skal fastanefnd EFTA birta nákvæmar upplýsingar um þær í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópubandalagsins.

■ **14. gr.** 1. EFTA-ríkin skulu senda fastanefnd EFTA og eftirlitsstofnun EFTA upplýsingar um vandamál sem upp kunna að koma í sambandi við frelsi til flutninga og atvinnu- mál launþega og nákvæmt yfirlit yfir stöðu og þróun atvinnu- lífs.<sup>1)</sup>

□ 2. Fastanefnd EFTA skal, að teknu fyllsta tilliti til álits umsjónarnefndarinnar, ákvarða með hvaða hætti upplýsingar, sem um getur í 1. mgr., skuli settar fram.

□ 3. Í samræmi við þær starfsaðferðir, sem fastanefnd EFTA ákveður að teknu fyllsta tilliti til álits umsjónarnefndarinnar

ar,<sup>1)</sup> skal þjónustuskrifstofa hvers EFTA-ríkis senda til þjónustuskrifstofa hinna EFTA-ríkjanna og til fastanefndar EFTA upplýsingar um lífskjör og vinnuskilyrði og ástand vinnu- markaðar sem líklegar eru til að koma launþegum frá öðrum EFTA-ríkjum að gagni. Upplýsingarnar skal endurskoða reglulega. Þjónustuskrifstofurnar í hinum EFTA-ríkjunum skulu tryggja að slíkar upplýsingar séu vel kynntar, m.a. með því að dreifa þeim á meðal viðeigandi vinnumiðlana og koma þeim á framfæri með öllum tiltækum ráðum við þá launþega sem hlut eiga að máli.

<sup>1)</sup> Rg. 2434/92/EBE.

## II. bálkur. Ráðstöfun lausra starfa.

■ **15. gr.**<sup>1)</sup> 1. Þjónustuskrifstofa hvers EFTA-ríkis skal senda reglulega til þjónustuskrifstofa hinna EFTA-ríkjanna og til fastanefndar EFTA:

- upplýsingar um laus störf sem ríkisborgarar hinna aðildarríkja EES geta hugsanlega gegnt;
- upplýsingar um laus störf sem boðin eru fram í ríkjum utan EES;
- upplýsingar um atvinnuumsóknir fólks sem hefur lýst sig reiðubúið til að starfa í öðru EES-ríki;
- upplýsingar, sundurliðaðar eftir svæðum og greinum, um umsækjendur sem hafa í raun lýst sig reiðubúna til að taka atvinnutilboði í öðru landi.

Þjónustuskrifstofa hvers EFTA-ríkis skal senda slíkar upplýsingar áfram til viðkomandi vinnumiðlana og vinnuáskrifstofa eins fljótt og kostur er.

□ 2. Upplýsingum um lausar stöður og umsóknir, sem um getur í 1. mgr., skal dreift samkvæmt samræmdu heildarkerfi sem fastanefnd EFTA skal koma á fót, í samvinnu við umsjónarnefndina. Ef nauðsynlegt reynist getur fastanefnd EFTA aðlagð þetta kerfi í samvinnu við umsjónarnefndina.

<sup>1)</sup> Rg. 2434/92/EBE.

■ **16. gr.**<sup>1)</sup> 1. Þar til bærar vinnumiðlanir hinna EFTA-ríkjanna skulu láta tilkynningar berast um sérhvert laust starf í skilningi 15. gr. sem er tilkynnt til vinnumiðlana EES-ríkis og vinna úr þeim. Þessir aðilar skulu senda vinnumiðlunum fyrstnefnda EFTA-ríkisins upplýsingar um gildar umsóknir.

□ 2. Viðkomandi vinnumiðlanir EFTA-ríkjanna skulu svara atvinnuumsóknunum sem um getur í c-lið 1. mgr. 15. gr. innan hæfilegs frests sem sé eigi lengri en einn mánuður.

□ 3. Vinnumiðlanirnar skulu veita launþegum, sem eru ríkisborgarar annarra EES-ríkja, sömu forréttindi og gert er ráð fyrir samkvæmt viðeigandi ráðstöfunum að innlendir ríkisborgarar njóti miðað við launþega sem eru ríkisborgarar landa utan EES.

<sup>1)</sup> Rg. 2434/92/EBE.

■ **17. gr.** 1. Þjónustuskrifstofurnar skulu annast framkvæmd ákvæða 16. gr. Hins vegar, að svo miklu leyti sem höfuðstöðvarnar heimila og að svo miklu leyti sem skipulag vinnumiðlana í EFTA-ríki og úthlutunaraðferðir leyfa:

- skulu svæðisbundnar vinnumiðlanir EFTA-ríkis:
  - á grundvelli upplýsinganna<sup>1)</sup> sem getið er í 15. gr. og viðeigandi aðgerðir byggjast á, safna saman og ráðstafa lausum störfum og atvinnuumsóknum;
  - koma á beinum tengslum við ráðstöfun:
    - starfa sem boðin hafa verið tilteknum launþega;
    - einstakra atvinnuumsókna sem sendar hafa verið annaðhvort til sérstakra vinnumiðlana eða til vinnuveitanda sem rækir starfsemi á því svæði sem miðlunin nær til;
    - starfa til handa árstíðabundnu vinnuafli sem ráða verður eins skjótt og auðið er;

- skulu vinnumiðlanir, sem ná til svæða sem liggja að landamærum tveggja eða fleiri EFTA-ríkja, skiptast reglulega á gögnum er varða laus störf og óafgreiddar atvinnuumsóknir á þeirra svæði og með sama hætti og gert er gagnvart öðrum vinnumiðlunum í löndum þeirra miðla og ráðstafa lausum störfum og atvinnuumsóknum; □ ef nauðsynlegt reynist skulu vinnumiðlanir, sem ná til svæða sem liggja að landamærum, einnig koma á samvinnu- og þjónustukerfi með það í huga að geta boðið:

- notendum eins miklar hagnýtar upplýsingar um hinar ýmsu hliðar flutningafrelsisins og hægt er og

- stofnunum vinnuáskrifstofunnar, félagsmálastofnunum (m.a. opinberum, einkareknum og þeim sem nýtast almenningsi) og öllum stofnunum sem málið varðar, samþættar ráðstafanir er tengjast frelsi til flutninga;<sup>1)</sup>

- skulu opinberar vinnumiðlanir, sem sérhæfa sig í tilteknum starfsgreinum eða láta sig varða sérstaka hópa fólks, eiga beina samvinnu hver við aðra.

□ 2. EFTA-ríkin, sem hlut eiga að máli, skulu senda fastanefnd EFTA skrá, sem samráð er haft um, yfir þær stofnanir sem um getur í 1. mgr.; fastanefnd EFTA skal birta þessa skrá ásamt þeim breytingum sem kunna að verða á henni í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópubandalagsins.

<sup>1)</sup> Rg. 2434/92/EBE.

■ **18. gr.** Ekki er skylt að taka upp þær ráðningaraðferðir sem framkvæmdaraðilar beita og kveðið er á um í samkomulagi sem tvö eða fleiri EES-ríki gera sín á milli.

## III. bálkur. Leiðir til að hafa eftirlit með jafnvægi á vinnuáskrifunum.

■ **19. gr.** 1. Á grundvelli skýrslu frá fastanefnd EFTA, sem unnin er úr upplýsingum frá EFTA-ríkjunum, skulu EFTA-ríkin og fastanefnd EFTA kanna sameiginlega minnst einu sinni á ári árangur aðgerða EES vegna lausra starfa og atvinnuumsókna.<sup>1)</sup>

□ 2. EES-ríkin skulu ásamt fastanefnd EFTA kanna öll tiltek rad til að veita ríkisborgurum aðildarríkjanna forgang þegar ráðið er í lausar stöður til að leitast við að koma á jafnvægi milli framboðs og umsókna um störf innan EES. Þau skulu beita öllum tiltækum ráðum í þessu skyni.

□ 3. Annað hvert ár skal fastanefnd EFTA leggja fram skýrslu um framkvæmd II. hluta þessarar reglugerðar þar sem gerð er grein fyrir þeim upplýsingum sem hafa borist og niðurstöðum athugana og rannsókna sem hafa farið fram með sérstakri áherslu á gagnlegar upplýsingar er varða þróun vinnuáskrifstofunnar á Evrópska efnahagssvæðinu.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> Rg. 2434/92/EBE.

■ **20. gr.**<sup>1)</sup> . . .

<sup>1)</sup> Rg. 2434/92/EBE.

## IV. bálkur. Evrópska samráðsskrifstofan.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> Af hálfu EFTA-ríkjanna skal fastanefnd EFTA sinna þessu hlutverki innan EES.

■ **21. gr.** Evrópska skrifstofan, sem samræmir ráðstafanir vegna atvinnutækifæra og atvinnuumsókna og stofnuð var á vegum framkvæmdastjórnarinnar (í þessari reglugerð nefnd „evrópska samráðsskrifstofan“), skal almennt gegna því hlutverki að miðla upplýsingum um atvinnutækifæri innan bandalagsins. Hún skal einkum bera ábyrgð á öllum formsatriðum er varða þennan málaflokk sem samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar falla undir framkvæmdastjórnina og ekki síst aðstoða innlendir vinnumiðlanir. Henni ber að taka saman þær upplýsingar sem um getur í 14. og 15. gr. ásamt niðurstöðum kannana og rannsókna sem gerðar eru skv. 13.

gr. í því skyni að varpa ljósi á gagnlegar staðreyndir um fyrisjáanlega þróun á vinnumarkaði bandalagsins. Slíkum staðreyndum skal komið á framfæri við þjónustuskrifstofur aðildarríkjanna og við ráðgjafar- og umsjónarnefndirnar.

■ **22. gr.** 1. Evrópska samráðsskrifstofan skal einkum sjá um að:

a. samræma þær aðferðir sem þörf er á til að manna laus störf innan bandalagsins og hafa yfirlit yfir þá flutninga launþega sem af hljótast;

b. vinna að þessum markmiðum með því að stuðla að því í samvinnu við umsjónarnefndina að sambærilegar aðferðir séu notaðar bæði á stjórnunar- og framkvæmdastigi;

c. safna saman þegar sérstaka nauðsyn ber til í samvinnu við þjónustuskrifstofurnar upplýsingum um laus störf og atvinnuumsóknir svo að unnt sé að ráðstafa þeim hjá þjónustuskrifstofunum.

□ 2. Henni ber að tilkynna þjónustuskrifstofunum um laus störf og atvinnuumsóknir sem sendar hafa verið beint til framkvæmdastjórnarinnar og fá upplýsingar um viðbrögð við þeim.

■ **23. gr.** Framkvæmdastjórnin getur, í samvinnu við lögbert yfirvald í hverju aðildarríki fyrir sig og í samræmi við þá skilmála og þær aðferðir sem hún skal ákveða á grundvelli álitssgerðar umsjónarnefndarinnar, skipulagt heimsóknir og verkefni fyrir embættismenn annarra aðildarríkja og einnig framhaldsnámskeið fyrir sérmenntað starfsfólk.

### III. hluti. Nefndir sem eiga að tryggja nána samvinnu milli aðildarríkjanna í málefnum er varða frjálsa flutninga launþega og atvinnumál þeirra.

#### I. bólkur. Ráðgjafarnefndin.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> *Fastanefnd EFTA getur komið á fót undirnefndum til að sinna þessum verkefnum.*

■ **24. gr.** Ráðgjafarnefndin ber ábyrgð á að aðstoða framkvæmdastjórnina við að athuga vafamál sem upp kunna að koma við beitingu sáttmálans og í sambandi við ráðstafanir sem gerðar eru á grundvelli hans og varða frelsi launþega til flutninga og störf þeirra.

■ **25. gr.** Ráðgjafarnefndin ber einkum ábyrgð á að:

a. rannsaka mál er varða frjálsa flutninga launþega og atvinnumál innan ramma innlendar vinnuálastefnu með það að leiðarljósi að samræma vinnuálastefnu aðildarríkjanna á bandalagsgrundvelli og á þann hátt stuðla að aukinni efnahagslegri þróun og jafnvægi á vinnumarkaði;

b. gera almenna úttekt á þeim áhrifum sem framkvæmd þessarar reglugerðar og aðrar viðbótarráðstafanir hafa;

c. koma til framkvæmdastjórnarinnar rökstuddum tillögum um endurskoðun á þessari reglugerð;

d. láta í té, hvort heldur sem er að beiðni framkvæmdastjórnarinnar eða að eigin frumkvæði, rökstudda álitssgerð um almenn atriði eða meginreglur, einkum og sér í lagi hvað varðar upplýsingaskipti um þróun mála á vinnumarkaðinum, um flutninga launþega milli aðildarríkja, um áætlanir eða ráðstafanir til eflingar starfsleiðbeiningum eða starfsþjálfun sem er líkleg til að efla frelsi til flutninga og atvinnuskipta, jafnframt um alla þá aðstoð sem launþegar og fjölskyldur þeirra eiga kost á að meðtalinni félagslegri aðstoð og húsnæðisöflun launþega.

■ **26. gr.** 1. Ráðgjafarnefndin skal skipuð sex fulltrúum frá hverju aðildarríki, tveir eru ríkisstjórnarfulltrúar, tveir eru frá launþegasamtökum og tveir frá samtökum vinnuveitenda.

□ 2. Hvert aðildarríki skal tilnefna einn varamann fyrir hvern hóp sem tilgreindur er í 1. mgr.

□ 3. Starfstími fulltrúanna og varamanna þeirra skal vera tvö ár. Heimilt er að endurskipa þá. Er starfstíminn rennur út skulu bæði aðal- og varamenn sitja þar til aðrir hafa verið skipaðir í þeirra stað eða skipanir þeirra endurnýjaðar.

■ **27. gr.** Ráðið skal skipa bæði aðal- og varamenn í ráðgjafarnefndina og kappkosta þegar fulltrúar launþegasamtakanna og samtaka vinnuveitenda eru valdir að þeir komi frá hinum ýmsu geirum efnahagslífsins. Ráðið skal láta birta til upplýsingar skrá yfir aðal- og varamenn í Stjórnartíðindum Evrópu-bandalagsins.

■ **28. gr.** Fulltrúi úr framkvæmdastjórninni eða varamaður hans skal vera formaður ráðgjafarnefndarinnar. Formaðurinn hefur ekki atkvæðisrétt. Nefndin skal koma saman tvisvar á ári hið minnsta. Formaðurinn kallar hana saman, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni að minnsta kosti þriðjungs nefndarmanna. Framkvæmdastjórnin skal sjá nefndinni fyrir skrifstofuþjónustu.

■ **29. gr.** Formaðurinn getur boðið einstaklingum eða fulltrúum aðila sem hafa víðtæka reynslu af atvinnu- eða flutningsmálum launþega að taka þátt í fundum sem áheyrnarfulltrúar eða sem sérfræðingar. Formaðurinn getur leitað ráða hjá sérfræðingum.

■ **30. gr.** 1. Álitssgerð nefndarinnar telst ekki gild nema að minnsta kosti tveir þriðju hlutar fulltrúanna séu viðstaddir.

□ 2. Álitssgerðir skulu vera rökstuddar og þær teljast samþykktar þegar fyrir þeim er hreinn meiri hluti gildra atkvæða. Þeim skal fylgja skrifleg greinargerð með álitni minni hlutans fari hann fram á það.

■ **31. gr.** Ráðgjafarnefndin skal setja sér starfsreglur samkvæmt reglum um málsmeðferð sem skulu taka gildi þegar ráðið að fengnu álitni framkvæmdastjórnarinnar hefur gefið samþykki sitt. Gildistaka breytinga, sem nefndin kann að gera á þessum starfsreglum, skal háð sömu málsmeðferð.

#### II. bólkur. Umsjónarnefndin.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> *Fastanefnd EFTA getur komið á fót undirnefndum til að sinna þessum verkefnum.*

■ **32. gr.** Umsjónarnefndin ber ábyrgð á að aðstoða framkvæmdastjórnina við að undirbúa, stuðla að og fylgja eftir öllum formsatriðum og ráðstöfunum sem miða að því að koma þessari reglugerð ásamt viðbótarráðstöfunum í framkvæmd.

■ **33. gr.** Umsjónarnefndin ber einkum ábyrgð á að:

a. koma á og bæta samvinnu milli þeirra yfirvalda sem hlut eiga að máli í aðildarríkjunum varðandi öll formsatriði í tengslum við frjálsa flutninga launþega og atvinnumál þeirra;

b. móta aðferðir við skipulag sameiginlegra aðgerða opinberra yfirvalda sem í hlut eiga;

c. auðvelda söfnun upplýsinga sem líklegar eru til að koma framkvæmdastjórninni að gagni og sem nota má í þeim könnunum og rannsóknum sem kveðið er á um í þessari reglugerð og hvetja stjórnsýsluaðila sem málið varðar til að skiptast á upplýsingum og miðla reynslu;

d. kanna formsatriði er varða samhæfingu viðmiðana sem aðildarríki nota til að meta stöðu vinnumarkaðarins.

■ **34. gr.** 1. Umsjónarnefndin skal skipuð fulltrúum ríkisstjórna aðildarríkjanna. Hver ríkisstjórn skal tilnefna í umsjónarnefndina einn af fulltrúum sínum í ráðgjafarnefndinni.

□ 2. Sérhver ríkisstjórn skal tilnefna varamann úr hópi annarra fulltrúa – aðal- eða varamanna – í ráðgjafarnefndina.

■ **35. gr.** Fulltrúi úr framkvæmdastjórninni eða varamaður hans skal vera formaður umsjónarnefndarinnar. Formaðurinn

hefur ekki atkvæðisrétt. Formaðurinn og meðlimir nefndarinnar geta leitað ráða hjá sérfræðingum. Framkvæmdastjórnin skal sjá nefndinni fyrir skrifstofuþjónustu.

■ **36. gr.** Tillögur og álitgerðir umsjónarnefndarinnar skulu berast til framkvæmdastjórnarinnar og skal tilkynna það ráðgjafarnefndinni. Skrifleg greinargerð með álitgerð einstakra nefndarmanna umsjónarnefndarinnar skal fylgja öllum tillögum og álitgerðum fari þeir fram á það.

■ **37. gr.** Umsjónarnefndin skal setja sér starfsreglur samkvæmt reglum um málsmeðferð sem skulu taka gildi þegar ráðið að fengnu álit framkvæmdastjórnarinnar hefur gefið samþykki sitt. Gildistaka breytinga, sem nefndin kann að gera á þessum starfsreglum, skal háð sömu málsmeðferð.

#### IV. hluti. Bráðabirgða- og lokaákvæði.

##### I. bálkur. Bráðabirgðaákvæði.

■ **38. gr.** Þar til fastanefnd EFTA hefur komið á samræmda heildarkerfinu sem greint er frá í 2. mgr. 15. gr. skal samráðsskrifstofan koma með tillögur um leiðir sem líklegar eru til að koma að haldi við að semja og dreifa skýrslunum sem getið er í 1. mgr. 15. gr.

■ **39. gr.** Reglur ráðgjafar- og umsjónarnefndarinnar um málsmeðferð, sem eru í gildi við gildistöku þessarar reglugerðar, eiga áfram við.

■ **40. gr.** ...

■ **41. gr.** ...

##### II. bálkur. Lokaákvæði.

■ **42. gr.** 1. [1. mgr. gildir ekki.] Engu að síður skal þessi reglugerð ná til þeirra hópa launþega sem um getur í fyrstu undirgrein og til aðstandenda þeirra, að svo miklu leyti sem réttarstaða þeirra ræðst ekki af ofangreindum sáttmálum eða ráðstöfunum.

□ 2. Reglugerð þessi skal ekki hafa áhrif á ráðstafanir sem gripið er til skv. 29. gr. EES-samningsins.

□ 3. Reglugerð þessi skal ekki hafa áhrif á skuldbindingar EES-ríkjanna vegna:

– sérstakra sambanda eða komandi samninga við tiltekkin lönd eða yfirráðasvæði utan Evrópu er byggjast á tengslum milli stofnana sem eru til staðar við gildistöku þessarar reglugerðar eða

– samninga sem eru í gildi við gildistöku þessarar reglugerðar við tiltekin lönd eða yfirráðasvæði utan Evrópu er byggjast á tengslum milli stofnana þeirra.

□ Launþegar frá slíkum löndum eða yfirráðasvæðum, sem í samræmi við þetta ákvæði stunda vinnu á yfirráðasvæði einhvers þessara EES-ríkja, geta ekki borið fyrir sig eða notið ákvæða þessarar reglugerðar á yfirráðasvæðum hinna EES-ríkjanna.

■ **43. gr.** EFTA-ríkin skulu í upplýsingaskyni senda fastanefnd EFTA texta samkomulags, samninga eða samþykktta sem þau hafa gert sín á milli varðandi launþega á tímabilinu frá undirritun þeirra til gildistöku.

■ **44. gr.** Framkvæmdastjórnin skal gera tilheyrandi ráðstafanir samkvæmt þessari reglugerð svo að hún komist til framkvæmdar. Hún skal í þessu skyni eiga náð samstarf við opinber stjórnvöld í aðildarríkjunum.

■ **45. gr.** Framkvæmdastjórnin skal koma til ráðsins tillögum sem miða að því að afnema í samræmi við skilmála sáttmálans takmarkanir á aðgangi launþega sem eru ríkisborgarar aðildarríkjanna að vinnumarkaðinum í þeim tilvikum þar sem skortur á gagnkvæmri viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum eða öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi getur hindrað frelsi launþega til flutninga.

■ **46. gr.** Stjórnsýsluútgjöld nefndanna, sem um getur í III. hluta, skulu talin með í þeim hluta fjárhagsáætlunar Evrópubandalagsins sem tilheyrir framkvæmdastjórninni.

■ **47. gr.** Reglugerð þessi gildir fyrir yfirráðasvæði aðildarríkjanna og ríkisborgara þeirra, sbr. þó 2., 3., 10. og 11. gr.

■ **48. gr.** ...

VIDAUKI<sup>1)</sup>

□ ...

<sup>1)</sup> Rg. 2434/92/EBE.